# Kaup JBT á hlutabréfum í Marel hf. - TILBOÐ 3

*Greitt með JBT bréfum og evrum*

**Almenna reglan er að fara skuli með skipti á hlutabréfum sem sölu á þeim bréfum sem látin eru af hendi og kaup á bréfunum sem fengin eru í þeirra stað. Því þarf að gera grein fyrir sölu á hlutabréfunum í Marel og kaupum á JBT.**

**Þeir sem völdu tilboð 3 fengu hluta söluverðs fyrir hlutabréf í Marel greitt í evrum. Leiðbeiningarnar taka mið af því. Söluverð hlutabréfa í Marel samanstendur þannig af verðmæti þeirra bréfa sem fengin voru í JBT og greiðslu í formi reiðufjár (evra).**

## Þær upplýsingar sem gera þarf grein fyrir í framtalsskilum

- Söluverð Marels
- Þann hluta söluverðs sem greiddur var með evrum
- Kaupverð JBT

## Upplýsingar sem þarf að hafa við höndina

- Nafnverð hlutabréfanna í Marel sem þú seldir JBT.
- Hversu marga hluti þú fékkst í JBT.
- Hversu mikið þú fékkst greitt í evrum.

Viðskiptin áttu sér stað **20. desember 2024** og er miðað við gengi hlutabréfa í JBT og evru þann dag við ákvörðun söluverðs.

- Gengi JBT bréfanna var $123,01 á söludegi (20. desember 2024) - gengi dollars var 138,70 kr.
- Gengi evru var 144,56 kr. á söludegi.
- Gengi evru í árslok var 143,40 kr.

## Svona eru fjárhæðir reiknaðar sem færa ber í framtalið

Helgi seldi hlutabréf í Marel að nafnverði 1.000 kr. og fékk fyrir þau 1.217 evrur og 27 hluti í JBT.

1.217 x 144,56 = **175.930 kr.**
greiðsla í evrum x gengi evru á söludegi = **greiðsla í evrum á söludegi umreiknuð í ISK**

27 x 123,01 x 138,70 = **460.660 kr.**
fjöldi hluta í JBT x gengi JBT á söludegi x gengi dollars = **kaupverð JBT**

175.930 + 460.660 = **636.590 kr.**
greiðsla í evrum á söludegi umreiknuð í ISK + kaupverð JBT = **söluverð Marel**

1.217 x 143,40 = **174.518 kr.**
greiðsla í evrum x gengi evru í árslok = **eign í evrum í árslok**

## 1 Sala á bréfum í Marel




Þar sem upplýsingar um sölu hlutabréfa eru ekki áritaðar á hlutabréfablað RSK 3.19, verður að færa þær inn.

1. **Fyrst þarf að opna hlutabréfablaðið.**
   Það er undir „Sameiginleg fylgiskjöl" ef þú skilar framtali með maka, en annars undir „Fylgiskjöl".
2. **Næst er að færa inn söluna á Marel.**
   Hlutabréfin í Marel eru í flestum tilvikum í flokki 1 „Almenn hlutabréf", en kunna þó að vera í flokki 2 eða 4.
3. **Smellt er á bláa hnappinn fyrir aftan kennitölu.**
   Þá opnast skráningarmyndir þar sem færa ber inn viðeigandi upplýsingar.

1 - Almenn hlutabréf

| Almennar upplýsingar | | Hlutabréfaeign í upphafi árs | | |
|---|---|---|---|---|
| 1 Kennitala hlutafélags | 2 Nafn hlutafélags | 3 Nafnverð | 4 Stofnverð (kaupverð) | 5 Nafnverð keyptra hlutabréfa |
| 6204830369 | Marel hf. | 100.000 | 400.000 | |
| 4411021230 | Ljósafjall ehf. | 500.000 | 500.000 | |
| | | | | |
| Ný lína | Samtals | 600.000 | 900.000 | |




Færa ber inn dagsetninguna 20.12.2024. Þar sem kaupandinn er erlendur er færð inn kennitalan 9999999999. Þá ber að færa inn nafnverð seldra hlutabréfa í Marel og **söluverð Marel** (sjá formúlu í dæminu hér fyrir ofan).

Ef þú seldir oftar en einu sinni í félaginu á síðasta ári á að setja inn upplýsingar um hverja sölu fyrir sig í sér línu. Smellt er á hnappinn „Ný lína" til að fjölga þeim.

Smellt er á „Áfram" hnappinn til að komast í þriðja þrep.

Séu reitir vegna arðgreiðslu óútfylltir, ber að færa inn upplýsingar um dagsetningu hennar, fjárhæð og afdregna staðgreiðslu.

Að lokum er smellt á „Áfram" hnappinn til að fara aftur á hlutabréfablaðið sjálft.

Athugaðu að ekki er hægt að færa hærri fjárhæð en 22% af greiddum arði í reitinn „Afdregin staðgreiðsla". Ef félagið eða vörsluaðili hélt eftir hærri fjárhæð en sem því nemur skalt þú færa inn útskýringar í athugasemdadálk á forsíðu framtals með réttri fjárhæð arðs og staðgreiðslu.

## 2 Kaup á bréfum í JBT

Hlutabréfin í JBT eru færð í flokk 5 „Erlend hlutabréf". Smella skal á bláa hnappinn við auða línu til að opna skráningarmyndir þar sem kaupin eru færð inn. Ef ekki er til staðar auð lína, er smellt á hnappinn » Ný lína

5 - Erlend hlutabréf - Ef til er nafnverð á erlendum hlutabréfum skal nota það, annars skal skrá fjölda hluta

| | | | | | | | | | | | Hagnaður/tap | Arður | Fjöldi hluta | Nafnverð | Kaupverð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | | 0 |
| | Þar af tekjuskattskvöð (undirverð) | | | | | | | Tekjur sem færast á framtal | | 0 | | | | | 0 |
| Ný lína | Samtals | 0 | 0 | 0 | 0 | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | | 27 | 0 |
| | Tekjuskattskvöð | | 0 | | 0 | | 0 | | Færist á framtal | 0 | Greiddur skattur af arði | | 0 | | 0 |




Velja skal Bandaríkin af fellilista og nafnið JBT skal færa í viðeigandi reit. Þá ber að færa inn kennitölu eiganda (kaupandi), sem getur verið þú sjálfur, maki eða börn.

Haka við „Fjöldi hluta".

Færa ber inn dagsetningu kaupa sem er 20.12.2024. Þar sem seljandinn er erlendur er færð inn kennitalan 9999999999. Þá ber að færa inn fjölda hluta og **kaupverð JBT** (sjá formúlu í dæminu hér fyrir ofan).

Að lokum er smellt tvisvar á „Áfram" hnappinn til að komast aftur á hlutabréfablaðið sjálft.

## 3 Greiðsla í evrum

Í kafla 3.3 „Innlend og erlend verðbréf og kröfur" á fjármagnstekjusíðu framtals ber að færa **eign í evrum í árslok** (sjá formúlu í dæminu hér fyrir ofan).




**Þú byrjar á því að opna fjármagnstekjusíðuna.**
Hún er undir „Framtal 2025".

**Því næst færir þú upplýsingarnar í kafla 3.3**

3.3 Innlend og erlend verðbréf og kröfur. Stofnsjóðsinneign

| | | Staðgreiðsla | | Vaxtatekjur | | Eign í árslok |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur og staðgreiðsla skv. RSK 3.15 | | 111.412 | | 574.300 | | |
| Davíð Davíðsson | | 0 | | 15.000 | | 413.000 |
| Krafa í evrum v/JBT | | 0 | | 0 | | 174.518 |
| Ný lína Samtals | 302 | 111.412 | 36 | 589.300 | 02 | 587.518 |

## 4 Hlutabréfablaðið fyrir og eftir

**Hlutabréfablaðið *áður* en búið er að færa inn upplýsingarnar**

1 - Almenn hlutabréf

| Almennar upplýsingar | | Hlutabréfaeign í upphafi árs | | Kaup | | Breyting | | Sala | | | | Arður og staðgreiðsla | | Hlutabréfaeign í árslok | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 Kennitala hlutafélags | 2 Nafn hlutafélags | 3 Nafnverð | 4 Stofnverð (kaupverð) | 5 Nafnverð keyptra hlutabréfa | 6 Kaupverð | 7 Breyting á nafnverði | 8 Breyting á kaupverði | 9 Söluverð | 10 Nafnverð seldra hlutabréfa | 11 Stofnverð seldra hlutabréfa | 12 Söluhagnaður/sölutap | 13 Arður | 14 Staðgreiðsla af arði | 15 Nafnverð | 16 Kaupverð (stofnverð) |
| 6204830369 | Marel hf. | 1.000 | 400.000 | 0 | 0 | 0 | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.000 | 400.000 |
| 4411021230 | Ljósafjall ehf. | 500.000 | 500.000 | 0 | 0 | 0 | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 500.000 | 500.000 |
| | Samtals | 501.000 | 900.000 | 0 | 0 | 0 | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 501.000 | 900.000 |

5 - Erlend hlutabréf - Ef til er nafnverð á erlendum hlutabréfum skal nota það, annars skal skrá fjölda hluta

| | | | | | | | | | | | Hagnaður/tap | Arður | Fjöldi hluta | Nafnverð | Kaupverð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | Þar af tekjuskattskvöð (undirverð) | | | | | | | Tekjur sem færast á framtal | | 0 | | | | | 0 |
| Ný lína | Samtals | 0 | 0 | 0 | 0 | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | | 0 | 0 |
| | Tekjuskattskvöð | | 0 | | 0 | | 0 | | Færist á framtal | 0 | Greiddur skattur af arði | | 0 | | 0 |

**Hlutabréfablaðið *eftir* að búið er að færa inn upplýsingarnar**

1 - Almenn hlutabréf

| Almennar upplýsingar | | Hlutabréfaeign í upphafi árs | | Kaup | | Breyting | | Sala | | | | Arður og staðgreiðsla | | Hlutabréfaeign í árslok | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 Kennitala hlutafélags | 2 Nafn hlutafélags | 3 Nafnverð | 4 Stofnverð (kaupverð) | 5 Nafnverð keyptra hlutabréfa | 6 Kaupverð | 7 Breyting á nafnverði | 8 Breyting á kaupverði | 9 Söluverð | 10 Nafnverð seldra hlutabréfa | 11 Stofnverð seldra hlutabréfa | 12 Söluhagnaður/sölutap | 13 Arður | 14 Staðgreiðsla af arði | 15 Nafnverð | 16 Kaupverð (stofnverð) |
| 6204830369 | Marel hf. | 1.000 | 400.000 | 0 | 0 | 0 | | 636.590 | 1.000 | 400.000 | 236.590 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 4411021230 | Ljósafjall ehf. | 500.000 | 500.000 | 0 | 0 | 0 | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 500.000 | 500.000 |
| | | 501.000 | 900.000 | 0 | 0 | 0 | | 636.590 | 1.000 | 400.000 | 236.590 | 0 | 0 | 500.000 | 500.000 |

5 - Erlend hlutabréf - Ef til er nafnverð á erlendum hlutabréfum skal nota það, annars skal skrá fjölda hluta

| | | | | | | | | | | | Hagnaður/tap | Arður | Fjöldi hluta | Nafnverð | Kaupverð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| US | JBT | 0 | 0 | 27 | 460.660 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 27 | 0 | 460.660 |
| | Þar af tekjuskattskvöð (undirverð) | | | | | | | Tekjur sem færast á framtal | | 0 | | | | | 0 |
| Ný lína | Samtals | 0 | 0 | 27 | 460.660 | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | | 0 | 460.660 |
| | Tekjuskattskvöð | | 0 | | 0 | | 0 | | Færist á framtal | 0 | Greiddur skattur af arði | | 0 | | 0 |

### Til upplýsinga

Fyrir hverja nafnverðskrónu í Marel fengu þeir sem völdu þessa leið, 0,0270961 hluti í JBT og 1,2073635 evrur í reiðufé.
Fengin hlutabréf voru í heilum hlutum og var alltaf námundað niður. Skerðing vegna námundunar var greidd út í evrum. Þeir sem völdu þessa leið fengu því í flestum tilvikum örlítið fleiri evrur en sem nemur margfeldi nafnverðs afhentra hlutabréfa í Marel og stuðulsins 1,2073635.

Skatturinn